Alþingi
Erindi nr. Þ 139/809
komudagur 8.12.2010

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

8.12.2010

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum (219. mál).

Samtök atvinnulífsins hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að áætlað álagt eftirlitsgjald á árinu 2010 sé 1.153 milljónir króna en frumvarpið geri ráð fyrir 1.619 milljónum króna árið 2011. Áætluð hækkun á milli ára nemur því 466 milljónum króna eða um 40%. Þá kemur fram að áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins árið 2010 sé 1.195 milljónir króna en áætlaður rekstrarkostnaður á árinu 2011 nemi 1.755 milljónum króna sem er hækkun um 560 milljónir króna eða tæp 47%.

SA vekja sérstaka athygli á að með frumvarpinu og ýmsum öðrum frumvörpum sem eru til meðferðar á Alþingi er ráðgert að leggja verulegar fjárhagslegar byrðar á fjármálafyrirtæki sem þegar berjast við að lækka kostnaðarhlutföll sem hafa verið of há. Gæta þarf að því að þessar byrðar verði ekki of miklar þannig að það leiði til hækkaðs verðlags á þjónustu til viðskiptamanna fjármálafyrirtækja og hafi áhrif á vaxtamyndun í fjármálakerfinu. Verði það niðurstaðan mun það þrengja möguleika fjármálakerfisins til að vinna að endurreisn íslensks efnahagslífs en skilvirkt og samkeppnishæft bankakerfi er veigamikil undirstaða þess að íslenskt atvinnulíf geti staðist alþjóðlega samkeppni og sótt fram á innlendum sem erlendum mörkuðum.

Samtök atvinnulífsins telja sem fyrr mikilvægt að til staðar sé sjálfstætt og faglegt eftirlit með fjármálastarfsemi. Á árunum fyrir bankahrun voru samtökin fylgjandi eflingu Fjármálaeftirlitsins í ljósi vaxandi þýðingar fjármálafyrirtækja í íslenku efnahagslífi og nauðsynjar þess að stofnunin byggi yfir mjög hæfu starfsfólki. Við ákvörðun fjárveitinga til Fjármálaeftirlitsins nú sé að sama skapi rétt að taka tillit til þess að miklar breytingar hafa orðið á fjármálamarkaði, þar sem umsvif bankakerfisins eru nú einungis lítill hluti af því sem var fyrir bankahrun. Ennfremur verði að horfa til þess sem gerist hjá sambærilegum stofnunum ríkisins og almennt í ríkisfjármálum. Af umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis, sem fylgir frumvarpinu, virðist skorta á að svo sé.

Samtök atvinnulífsins hafa í fyrri umsögnum um frumvörp til breytinga á umrædd lögum komið á framfæri að óeðlilegt sé að gera eftirlitsskyldum aðilum að greiða fyrir stjórnsýsluþáttinn í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Hafa samtökin lagt til að löggjafinn breytti lögunum þannig að afdráttarlaust væri kveðið á um að hið opinbera taki á sig fjármögnun á þeim þáttum sem lúta að hreinni stjórnsýslu og störfum Fjármálaeftirlitsins í tengslum við laga- og reglusetningu, en eftirlitsskyldir aðilar greiði eftir sem áður fyrir hið raunverulega eftirlit sem Fjármálaeftirlitið hefur með höndum. Á sama hátt telja samtökin eðlilegt að þess

Aðsetur: Borgartún 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 00 00
Bréfsími: 591 00 50
Netfang: sa@sa.is
Veffang: www.sa.is

sé gætt að kostnaður vegna rannsókna á bankahruninu sé ekki lagður á núverandi banka eða aðra eftirlitsskylda aðila, heldur greiðist hann af gömlu bönkunum eða ríkissjóði beint.

Af fylgiskjölum með frumvarpinu virðist mega ráða að tillögur Fjármálaeftirlitsins um álagningarhlutföll og lágmarksgjöld hafi verið teknar beint upp í frumvarpið án breytinga. Þetta er gert þrátt fyrir að í umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila sé því sérstaklega beint til stjórnar og stjórnenda Fjármálaeftirlitsins að leita leiða til að draga úr þeim mikla vexti sem áætlunin gerir ráð fyrir og þar með að eftirlitsgjaldið verði lækkað frá því sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Það sama virðist hafa átt sér stað við síðustu breytingu á álagningarhlutföllum og lágmarksgjöldum. Af þessu virðist mega ráða að núverandi fyrirkomulagið bjóði heim hættu á því að um nokkurs konar sjálftöku á tekjum sé að ræða. Telja Samtök atvinnulífsins þetta ófært og að í ljósi þessa þurfi að breyta núverandi fyrirkomulagi við ákvörðun eftirlitsgjalds.

Virðingarfyllst,

Guðjón Axel Guðjónsson

Aðsetur: Borgartún 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 00 00
Bréfsími: 591 00 50
Netfang: sa@sa.is
Veffang: www.sa.is